

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar er skipuð ellefu bæjarfulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Sveitarfélagið Árborg er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Árborg annast þau lögmæltu verkefni sem því eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Sveitarfélagið Árborg vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélaginu Árborg er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um bæjarstjórn.

4. gr.

Hlutverk bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. síðari breytingar, annarra laga og samþykkt þessari.

Bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa forseta og varaforseta sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja bæjarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins og ráða-bæjarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

10. Að setja nefndum, ráðum og stjórnunum erindisbréf, þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra, valdsvið, starfshætti og framsal til fullnaðarákvörðunar og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bæjarstjórnar.

6. gr.

Ný bæjarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin bæjarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta, varaforseta og skrifara.

Á fyrsta fundi kýs bæjarstjórn forseta og tvo varaforseta. Skulu þeir kjörnir til eins árs í senn. Njóti forseti eða varaforsetar ekki lengur stuðnings bæjarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforseti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis þegar að því loknu.

Sá telst rétt kjörinn forseti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta skal kjósa fyrsta og annan varaforseta, sem gegna, í þeirri röð sem þeir eru kosnir, störfum forseta í forföllum hans. Kosning varaforseta fer fram með sama hætti og forseta.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti fellur frá eða verður varanlega forfallaður skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils hans.

III. KAFLI

Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar heldur reglulega fundi bæjarstjórnar í fundarsal að Grænumörk 5 á Selfossi, fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði, kl. 16.00.

Aukafundi skal halda þegar forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi bæjarstjórnar vegna sumarleyfis.

9. gr.

Boðun bæjarstjórnarfundar.

Bæjarstjóri sveitarfélagsins boðar fundi. Heimilt er að boða fundi og senda fundargögn með rafrænum hætti.

Fundarboð skal berast bæjarfulltrúum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast bæjarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

10. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn fyrir kl. 11.00 á mánudegi fyrir reglulegan fundartíma bæjarstjórnar á miðvikudegi kl. 17.00.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða nefnda, tillagna og annarra gagna sem forseti bæjarstjórnar og bæjarstjóri telja nauðsynleg.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi bæjarstjórnar.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi bæjarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um bæjarfulltrúa, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

12. gr.

Opnir fundir bæjarstjórnar.

Fundir bæjarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti eða bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Fjarfundabúnaður.

Bæjarfulltrúa er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar bæjarfulltrúi tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á

fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og bæjarfulltrúar skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

15. gr.

Tvær umræður í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meirihluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal bæjarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

I. Fundarsköp:

- a. *Fundarstjórn.* Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum bæjarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Í upphafi fundar les fundarstjóri upp nöfn þeirra fundarmanna sem mættir eru.

Forseti bæjarstjórnar sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

- b. *Vald forseta bæjarstjórnar.* Skyld er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigsalum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal.

Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal bæjarstjórnar.

- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema bæjarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

- d. *Málfrelsi bæjarstjóra.* Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

- e. *Málfrelsi.* Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar. Bæjarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

- f. *Ávarp ræðumanns.* Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Bæjarfulltrúi skal ávarpa einstaka bæjarfulltrúa með fullu nafni. Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða.

Ekki má lesa prentað mál nema forseti leyfi.

- g. *Hve oft má tala.* Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

- h. *Ræðutími*. Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskráartillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.
- i. *Tillögur og afgreiðsla*. Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarskóp. Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
- j. *Réttur til bókaunar*. Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í bæjarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
- k. *Atkvæðagreiðsla*. Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Bæjarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.
- l. *Kosningar*. Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Bæjarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall við kosningar.

II. Ritun fundargerða:

Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Um ritun fundargerða sveitarstjórnar skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 22/2013, sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Bæjarfulltrúar og nefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar og nefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa eða taka ákvörðun í tilteknu máli sem lagt er fyrir bæjarstjórn eða nefnd eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin eða nefndin fjallar um málið. Þetta á þó ekki við um bæjarstjóra.

Ákvæði 4. mgr. á ekki við þegar bæjarstjórn eða viðkomandi nefnd fjallar um og afgreiðir ársreikninga, fjárhagsáætlanir, skipulagsáætlanir og aðrar almennar áætlanir sveitarfélagsins, enda eigi bæjarfulltrúi eða nefndarmaður ekki sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra við afgreiðslu viðkomandi málefnis.

Bæjarfulltrúi, nefndarmaður eða starfsmaður sveitarfélagsins sem veit hæfi sitt eða annars orka tvímælis skal án tafar vekja athygli forseta bæjarstjórnar, formanns nefndar eða næsta yfirmanns á því.

Bæjarstjórn tekur ákvörðun um hæfi bæjarfulltrúa til meðferðar og afgreiðslu einstakra mála. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Nefnd tekur ákvörðun um hæfi nefndarmanns. Nefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi eða nefndarmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

18. gr.

Varamenn í bæjarstjórn.

Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórn málaflökum eða samtökum, geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast, sbr. 3. mgr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga. Yfirlýsing um slíkt samkomulag skal lögð fram á fyrsta eða öðrum fundi bæjarstjórnar eftir kosningar. Nú næst ekki samkomulag milli stjórn málaflökka eða samtaka sem standa að sameiginlegum lista, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórn málaflökki eða samtökum og aðalmaður sá sem um er að ræða, taka sæti aðalmanns í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórn málaflökki eða samtökum og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var þegar kosning fór fram, taka varamenn listans sæti samkvæmt venjulegum reglum.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Skyldur bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúa ber skylda til að taka þátt í öllum bæjarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan bæjarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Osk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að inna af hendi störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar.

Bæjarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Sveitarfélagsins Árborgar, sem og um innihald skjala eða annarra gagna sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögmætum og málefnalegum rökum.

20. gr.

Réttur bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Bæjarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá bæjarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Bæjarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum bæjarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar.

Vilji bæjarfulltrúi ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðna.

21. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn á sérhver bæjarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn. Beiðni um aðgang að gögnum skal beint til bæjarstjóra sveitarfélagsins. Tiltaka skal í beiðninni hvaða gögnum óskað er eftir og/eða um hvaða málefni þau fjalla. Miða skal við að aðgangur sé veittur innan fimm daga frá móttöku beiðninnar.

Séu gögn viðamikil eða undanþegin upplýsingarétti almennings er heimilt að ákveða að afhending gagna fari fram á bæjarskrifstofu í tiltekinn tíma, en að gögn verði ekki afhent utan bæjarskrifstofanna. Varði málið mikilvæga persónulega hagi einstaklings, sem ekki er til umfjöllunar í bæjarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

Bæjarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins á venjulegum opnunartíma í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

22. gr.

Síðareglur og góðir starfshættir.

Bæjarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim síðareglum sem bæjarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum.

Telji bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við bæjarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr bæjarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar bæjarfulltrúi flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má bæjarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr bæjarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en bæjarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir bæjarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn. Ef bæjarfulltrúi missir fjárforræði skal bæjarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í bæjarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur bæjarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra bæjarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í bæjarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til bæjarstjóra eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í bæjarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varamaður

hans taka sæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi.

25. gr.
Þóknun o.fl.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Bæjarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.
Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í bæjarstjórn.

V. KAFLI
Bæjarráð.

27. gr.
Kosning bæjarráðs.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kys formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs.

Kosning í bæjarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

28. gr.
Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku, á fimmtudögum kl. 8:10.

Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri sveitarfélagsins, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

29. gr.
Boðun funda bæjarráðs.

Bæjarstjóri sveitarfélagsins undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er bæjarráði að ákveða að boða skuli fundi með rafrænum hætti.

Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

30. gr.
Stjórnun bæjarráðs.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Starfsmaður bæjarráðs annast fundarritun. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar.

Bæjarráðsfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað. Heimilt er að boða aðra á fundi bæjarráðs til viðræðna um tiltekin mál.

31. gr.
Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði.

Framboðslisti sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði má tilnefna bæjarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og

áheyrnarfulltrúinn verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til bæjarstjórnar.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í bæjarráð, sbr. 3. mgr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Heimilt er að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir fundarsetu.

32. gr.

Verkefni bæjarráðs.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, sér um undirbúning árlegrar fjárhagsáætlunar og framlagningu draga að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana í samráði við bæjarstjóra og leggur þau fyrir bæjarstjórn.

Þá sér bæjarráð í samráði við bæjarstjóra um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins.

Bæjarráð fer með jafnréttismál sbr. 13. gr. laga um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020.

Að öðru leyti fer bæjarráð með öll þau ölögbundnu verkefni sveitarfélagsins sem ekki eru falin öðrum fastanefndum, t.a.m. atvinnu-, upplýsinga- og markaðsmál.

Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella enda sé eigi um það ágreiningur í ráðinu eða við bæjarstjóra um ákvörðunina. Bæjarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg.

33. gr.

Heimild bæjarráðs til fullnaðarákvörðunar.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, á grundvelli erindisbréfs skv. 10. tölul. 5. gr. samþykktar þessarar, án staðfestingar bæjarstjórnar, ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans,
3. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála nema lög mæli á annan veg.

Ef mál sem bæjarráð hefur heimild til að afgreiða eru samþykkt samhljóða í bæjarráði hefur bæjarstjóri heimild til að láta framkvæma þau. Ef móttakvæði kemur fram í bæjarráði við afgreiðslu máls, bíður frekari vinnsla þess afgreiðslu bæjarstjórnar.

Bæjarráð hefur heimild til fullnaðarákvörðunar um lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins og sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess, sbr. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

Bæjarstjórn felur bæjarráði að semja kjörskrá vegna lögbundinna kosninga. Jafnframt er bæjarráði veitt heimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram frá því að kjörskrá er samin fram að kjördegi, í samræmi við gildandi lög hverju sinni.

Bæjarstjórn felur bæjarráði hlutverk bæjarstjórnar skv. 13. gr. og skv. 1. og 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 varðandi útgáfu framkvæmdaleyfis og gerð og samþykkt lýsingar á deiliskipulagsverkefni.

Bæjarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

VI. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir aðrar en bæjarráð.

34. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir bæjarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bæjarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum bæjarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin bæjarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrir

bæjarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

35. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir bæjarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflökka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal bæjarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

36. gr.

Valdsvið nefnda og framsal sveitarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur bæjarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela nefnd, ráði eða starfsmanni á vegum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála ef:

1. Lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
2. Ákvörðun gengur ekki gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett.
3. Ákvarðanir víkja ekki frá stefnu sveitarfélagsins í veigamiklum málum.

Ef fastanefnd er falið vald samkvæmt þessari málsgrein skal fjöldi nefndarmanna standa á oddatölu.

Þegar um er að ræða fullnaðarafgreiðslu skal koma fram í afgreiðslu málsins að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnarsýslulaga.

Sá aðili sem hefur fengið framselt vald til fullnaðarafgreiðslu, eða þriðjungur fulltrúa ef um nefnd eða ráð er að ræða, getur ávallt óskað eftir því að bæjarstjórn eða byggðarráð taki ákvörðun í máli.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. mgr. til bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn felur skipulagsnefnd að úthluta lóðum fyrir hönd bæjarstjórnar, skv. reglum um úthlutun lóða í Sveitarfélaginu Árborg, dags. 19. október 2022.

37. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir fastanefnda og bæjarráðs skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir bæjarráð.

38. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Ósk um opinn fund skal beina til formanns nefndar, sem sker úr um hvort mál á dagskrá fundar heimila opinn fund.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

39. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir nefnda.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða

sveitarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

40. gr.

Varamenn nefnda.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyri þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

41. gr.

Boðun varamanna nefnda.

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar bæjarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

42. gr.

Lausn frá nefndarsetu, -endurskipun nefnda og áheyrnarfulltrúar.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundum nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

Heimilt er framboðslista sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í nefnd sem kosið er til skv. b-lið 46. gr. að tilnefna áheyrnarfulltrúa og varaáheyrnarfulltrúa til setu í viðkomandi nefnd með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er ungmennaráði að tilnefna áheyrnarfulltrúa í nefnd sem kosið er til skv. 1.-5. tölul. b-liðar 46. gr. með málfrelsi og tillögurétt. Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

Ekki er greidd þóknun fyrir setu áheyrnarfulltrúa á nefndarfundum.

43. gr.

Þóknun fyrir nefndarsetu.

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati bæjarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur.

44. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

45. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem bæjarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum bæjarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

46. gr.

Kosning eða skipun í fastanefndir.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrjú aðalfulltrúar sem eiga sæti í bæjarstjórn og þrjú til vara skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 27. gr. samþykktar þessarar.
2. *Kjörstjórnir.* Skv. gildandi lögum: Yfirkjörstjórn. Þrjú fulltrúar og þrjú til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Yfir- og undirkjörstjórnir kjósa sér oddvita og ritara úr sínum hópi. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og laga um kosningar til Alþingis. Enn fremur kýs bæjarstjórn:
 - a) Undirkjörstjórn 1 (Selfoss). Þrjú fulltrúar og þrjú til vara.
 - b) Undirkjörstjórn 2 (Selfoss). Þrjú fulltrúar og þrjú til vara.
 - c) Undirkjörstjórn 3 (Selfoss og Sandvík). Þrjú fulltrúar og þrjú til vara.
 - d) Undirkjörstjórn 4 (Selfoss). Þrjú fulltrúar og þrjú til vara.
 - e) Undirkjörstjórn 5 (Eyrarbakki). Þrjú fulltrúar og þrjú til vara.
 - f) Undirkjörstjórn 6 (Stokkseyri). Þrjú fulltrúar og þrjú til vara.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:

1. *Velferðarnefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
2. *Menningarnefnd* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
3. *Fræðslu,- fristundanefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
4. *Skipulagsnefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
5. *Eigna- og veitunefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. erindisbréfi fyrir nefndina.
6. *Umhverfisnefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. erindisbréfi fyrir nefndina.

C. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu fulltrúar kosnir í eftirtaldar nefndir, stjórnir eða til að sækja aðalfundi:

1. *Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.* Tíu fulltrúar og tíu til vara skv. gildandi samningi um samtökin.
2. *Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands.* Einn fulltrúi og einn til vara skv. gildandi samningi um stofnunina.
3. *Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,* ellefu fulltrúar og ellefu til vara.
4. *Almannavarnanefnd Árnessýslu.* Einn fulltrúi og einn til vara skv. gildandi samningi um nefndina.
5. *Fulltrúaráðsfundur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands.* Einn fulltrúi og einn til vara skv. gildandi lögum um félagið.
6. *Héraðsnefnd Árnesinga.* Níu fulltrúar og níu til vara skv. gildandi samningi um nefndina.
7. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Fjórir fulltrúar og fjórir til vara skv. gildandi

reglum um þingið.

8. *Samstarfsnefnd með starfsmannafélögum*. Tveir fulltrúar og tveir til vara.
9. *Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. gildandi samningi um félagið.
10. *Aðalfundur Leigubústaða Árborgar ehf.* Einn fulltrúi og einn til vara skv. samþykktum félagsins.
11. *Aðalfundur Leigubústaða Árborgar ses.* Einn fulltrúi og einn til vara skv. samþykktum félagsins.
12. *Aðalfundur Bergrisans bs.*, ellefu fulltrúar og ellefu til vara.
13. *Aðalfundur Sandvíkurseturs ehf.* Einn fulltrúi og einn til vara skv. samþykktum félagsins.
14. *Aðalfundur Borgarþróunar ehf.* Einn fulltrúi og einn til vara skv. samþykktum félagsins.
15. *Aðalfundur Fasteignafélags Árborgar ehf.* Einn fulltrúi og einn til vara skv. samþykktum félagsins.
16. *Aðalfundur Fasteignafélags Árborgar slf*, einn fulltrúi og einn til vara skv. samþykktum félagsins.
17. *Aðalfundur Verktækni ehf.* Einn fulltrúi og einn til vara skv. samþykktum félagsins.
18. *Öldungaráð*. Í öldungaráði sitja sjö fulltrúar og fjórir til vara. Þrír fulltrúar kosnir af bæjarstjórn að loknum bæjarstjórnarkosningum, og einn til vara. Félag eldri borgara á Eyrarbakka kys einn fulltrúa og annan til vara. Félag eldri borgara á Selfossi kys einn fulltrúa og annan til vara. Umsjónarmenn félagsstarfs á Stokkseyri kjósa einn fulltrúa og annan til vara. Heilbrigðisstofnun Suðurlands tilnefnir einn fulltrúa. Bæjarstjórn tilnefnir formann ráðsins en ráðið kys sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar. Við kosningu í ráðið skal gætt að kynjahlutföllum og aldursdreifingu. Deildarstjóri stöð- og stuðningsdeildar skal sitja fundi ráðsins og hefur málfrelsi og tillögurétt.
19. *Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks*. Í samráðshópnum skulu sitja þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn og þrír til vara og þrír fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks og þrír til vara. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um þjónustu við fatlað fólk skuli viðkomandi sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu hópsins.

D. Til fimm ára

1. *Umdæmisráð barnaverndar*. Bæjarstjórn skipar þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum. Ráðið skal skipa einn félagsráðgjafa, einn sálfræðing og einn lögfræðing, sem jafnframt er formaður ráðsins. Ráðsmenn skulu í það minnsta hafa þriggja ára starfsreynslu í barnvernd. Ráðsmaður þarf ekki að eiga lögheimili í umdæmi viðkomandi umdæmisráðs en ekki er heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í viðkomandi umdæmi.

E. Aðrar stjórnir, ráð og nefndir:

1. *Hverfisráð*. Hverfisráð Sveitarfélagsins Árborgar skulu vera fjögur talsins og starfa á Selfossi, Eyrarbakka, Stokkseyri og í fyrrum Sandvíkurhreppi. Hvert hverfisráð skal skipað fimm fulltrúum og tveimur varamönnum kosnum af bæjarstjórn samkvæmt samþykktum ráðsins. Fulltrúar í hverfisráð eru kosnir til tveggja ára í senn.
2. *Ungmennaráð Árborgar*. Ungmennaráð skal skipað níu fulltrúum og fjórum til vara. Bæjarstjórn skipar ungmennaráð formlega eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi ungmennaráðs. Kjörtímabil ráðsins er frá upphafi árs til áramóta ár hvert. Hluti fulltrúa skal sitja í ráðinu eitt kjörtímabil en hinn helmingurinn í tvö kjörtímabil.
3. *Almannavarnaráð Sveitarfélagsins Árborgar*. Almannavarnaráð Sveitarfélagsins Árborgar skal skipað þremur fulltrúum og þremur til vara skv. erindisbréfi fyrir ráðið.

47. gr.

Verkefnabundnar nefndir.

Bæjarstjórn og bæjarráð geta kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Sveitarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils og fyrr sé verkefni þeirra lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

Bæjarráði er heimilt að ákveða að greiða hæfilega þóknun fyrir setu í verkefnabundnum nefndum.

VII. KAFLI

Bæjarstjóri og aðrir starfsmenn Sveitarfélagsins Árborgar.

48. gr.

Ráðning -bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Bæjarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími bæjarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði.

49. gr.

Hlutverk bæjarstjóra

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem bæjarstjórn skipar.

Bæjarstjóri skal sjá um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra nefnda bæjarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst.

Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum.

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.

50. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Bæjarstjóri sveitarfélagsins, í umboði bæjarstjórnar, ræður sviðsstjóra og mannauðsstjóra og veitir þeim lausn frá starfi. Sviðsstjórnar eru fjórir, á stjórnýslusviði, fjármálasviði, fjölskyldusviði og mannvirkja- og umhverfissviði.

51. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna.

Sviðsstjórnar skv. 50. gr. að höfðu samráði við bæjarstjóra og mannauðsstjóra, ráða stjórnendur deilda og stofnanna sem undir þá heyrja og veita þeim lausn frá störfum.

Stjórnendur stofnana og deilda ráða starfsmenn sem undir þá heyrja að höfðu samráði við viðkomandi sviðsstjóra og mannauðsstjóra. og veita þeim lausn frá störfum.

52. gr.

Framsal bæjarstjórnar og nefnda til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

- A. Bæjarstjórn er heimilt að fela embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 36. gr. samþykktar þessarar. Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur í samþykkt um stjórn og fundarsköp eða í sérstakan viðauka með samþykkt um fullnaðarafgreiðslu embættismanna en viðkomandi fagnefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra. Embættismanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi fagnefndar til fullnaðarafgreiðslu.

Bæjarstjórn felur eftirtöldum embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála:

1. Sviðsstjórum fjármála- og fjölskyldusviðs í sameiningu að afgreiða umsóknir um lækkun eða niðurfellingu álagðs útsvars skv. 25. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
2. Sviðsstjóra fjármálsviðs að afgreiða umsóknir um styrki til greiðslu fasteignaskatts af húsnæði sem ekki er nýtt í ágóðaskyni svo sem vegna menningar-, íþrótta-, æskulýðs og tómstundastarfsemi eða vinnu að mannúðarstörfum skv. reglum sveitarfélagsins þar um dags. 9. desember 2009.
3. Sviðsstjóra mannvirkja- og umhverfissviðs að afgreiða umsóknir um afnotaleyfi, þ.e. umsóknir um afnot lands í eigu sveitarfélagsins fyrir viðburði eða vegna annarra afnota, eða rofs á yfirborði, þ.e. leyfi til graftar utan lóða.

Beiðni um endurupptöku máls skal beint til afgreiðslu til bæjarstjórnar og fer um endurupptöku skv. 24. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í

42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr stjórnsýslulaga.

B. Við samþykktina bætist nýr viðauki 1.1. um fullnaðarafgreiðslu mála hjá barnaverndarþjónustu Árborgar skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem birtur er með samþykkt þessari.

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er hvorki bæjarstjórn né velferðarnefnd heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu og er bæjarstjórn eða velferðarnefnd ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu né taka ákvörðun í barnaverndarmálum.

53. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn Sveitarfélagsins Árborgar og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé að starfi.

54. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Sveitarfélagsins Árborgar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni, ákvæðum ráðningarsamninga, starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins.

55. gr.

Fjárfjárstjórnarvald bæjarstjórnar.

Einvörðungu bæjarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. álagningu skatta og gjalda,
6. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

Bæjarstjórn veitir bæjarráði fullnaðarákvörðun um lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins og sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess, sbr. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. einnig 33. gr. samþykktar þessarar, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

56. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Bæjarráð leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Bæjarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu bæjarstjórnar skal afgreiða tillögun, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Bæjarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

57. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 56. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnarinnar.

58. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

59. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

60. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir bæjarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. bæjarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reiknings-skilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Bæjarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

61. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.

62. gr.

Borgarafundur, íbúáþing, íbúakosningar o.fl.

Um samráð við íbúa, þ.m.t. borgarafundi, íbúáþing og íbúakosningar, gilda ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga, ef frá er talið lágmark þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu og óska almennrar atkvæðagreiðslu, sbr. 63. gr. samþykktarinnar.

63. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 29% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk bæjarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

X. KAFLI

64. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Árborgar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 679/2013.

Breyting nr. 813/2018 – útgáfudagur í B-deild 7. september 2019

Breyting nr. 474/2019 – útgáfudagur í B-deild 21. maí 2019

Breyting nr. 665/2019 – útgáfudagur í B-deild 16. júlí 2019

Breyting nr. 350/2022 – útgáfudagur í B-deild 24. mars 2022

Breyting nr. 497/2022 – útgáfudagur í B-deild 2. maí 2022

Breyting nr. 923/2022 – útgáfudagur í B-deild 16. ágúst 2022

Breyting nr. 117/2023 – útgáfudagur í B-deild 8. febrúar 2023

VIÐAUKI 1.1

**um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Árborgar
samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.**

I. KAFLI

Grundvöllur.

1. gr.

Grundvöllur.

Viðauki þessi er settur á grundvelli 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 (hér eftir barnaverndarlög). Tilgreindum starfsmönnum Barnaverndarþjónustu Árborgar (hér eftir barnavernd eða barnavernd Árborgar) er í reglum þessum falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald. Sé ekki sérstaklega mælt fyrir um það í samþykkt þessari hver hefur heimild til að taka ákvörðun f.h. barnaverndar Árborgar hefur teymisstjóri barnaverndarþjónustunnar, deildarstjóri velferðarþjónustu, lögfræðingur sveitarfélagsins eða sviðsstjóri fjölskyldusviðs heimild til að taka slíka ákvörðun.

2. gr.

Skilgreining á hugtökum.

Teymistjóri er stjórnandi barnaverndar Árborgar.

Lögfræðingur er lögfræðimenntaður starfsmaður á stjórnsýslusviði sem vinnur að málum barnaverndar Árborgar.

Sviðsstjóri er stjórnandi fjölskyldusviðs Árborgar.

Meðferðarfundur er fundur teymis, þar sem fram fara umræður um einstök mál, sjónarmið fagaðila, barna og foreldra eru ígrunduð og lagt mat á stefnu máls. Meðferðarfundir eru að jafnaði haldnir vikulega og stýrt af teymisstjóra, deildarstjóra velferðarþjónustu eða lögfræðingi sveitarfélagsins. Í fjarveru teymisstjóra getur lögfræðingur, deildarstjóri eða tiltekinn sérhæfður starfsmaður stýrt fundi fyrir hans hönd og tekið ákvarðanir í hans umboði.

Sérhæfður starfsmaður barnaverndarþjónustu starfar á skrifstofu barnaverndarþjónustu í teymi og telst sérhæft starfsfólk í skilningi 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Þetta eru starfsmenn með eftirfarandi starfsheiti: félagsráðgjafi barnaverndar Árborgar eða ráðgjafi barnaverndar Árborgar.

Starfsmaður er starfsmaður barnaverndar Árborgar.

Teymi er teymi sérhæfðra starfsmanna sem starfa hjá barnavernd Árborgar.

Tilkynningarfundur er vikulegur fundur teymisstjóra og teymis barnaverndar Árborgar þar sem teknar eru ákvarðanir um könnun máls og úthlutun tiltekinnna mála til starfsmanna. Teymisstjóri eða staðgengill hans tekur þær ákvarðanir að höfðu samráði við teymi barnaverndar Árborgar. Í fjarveru teymisstjóra getur lögfræðingur, deildarstjóri eða tiltekinn sérhæfður starfsmaður stýrt fundi fyrir hans hönd og tekið ákvarðanir í hans umboði.

3. gr.

Heimildir og umboð starfsmanna.

Í forföllum eða fjarveru teymisstjóra leysir lögfræðingur, deildarstjóri velferðarþjónustu, tiltekinn sérhæfður starfsmaður samkvæmt umboði teymisstjóra, eða sviðsstjóri fjölskyldusviðs hann af. Gildir þetta um alla ákvörðunartöku sem fjallað er um í samþykkt þessari.

4. gr.

Starfslið.

Deildarstjóri velferðarþjónustu og teymisstjóri barnaverndar Árborgar ráða starfslið barnaverndar Árborgar.

Deildarstjóra velferðarþjónustu og teymisstjóra barnaverndar er heimilt að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.

Deildarstjóra velferðarþjónustu og teymisstjóra barnaverndar er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu og meðferð mála eftir því sem þörf er á hverju sinni. Þá er deildarstjóra velferðarþjónustu og teymisstjóra barnaverndar heimilt að semja við utanaðkomandi aðila um rekstur vistheimila eða annarra úrræða á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.

5. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarþjónustna.

Teymisstjóri getur samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í þeirra umdæmi, þó barn hafi fasta búsetu í Árborg. Sömuleiðis getur teymisstjóri samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í umdæmi Barnaverndarþjónustu Árborgar þó barn hafi fasta búsetu annars staðar. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt 15. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga vegna barns sem statt er í Sveitarfélaginu Árborg en hefur fasta búsetu annars staðar getur sérhæfður starfsmaður, í samráði við teymisstjóra, deildarstjóra, lögfræðing eða sviðsstjóra án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana. Starfsmaður skal án tafar tilkynna viðkomandi barnaverndarþjónustu um málið sem skal taka málið til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir.

II. KAFLI

Upphaf og könnun barnaverndarmáls.

6. gr.

Nafnleynd.

Tilkynnandi skv. 16. gr. barnaverndarlaga skal njóta nafnleyndar gagnvart öðrum en barnavernd Árborgar, óski hann þess, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Óski aðili máls eftir afléttingu á nafnleynd skal ákvörðun um afgreiðslu beiðninnar tekin á meðferðarfundum barnaverndar Árborgar af teymisstjóra eða staðgengli hans, að höfðu samráði við fundarmenn.

Ef rökstuddur grunur er um að tilkynnandi hafi vísvitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur meðferðarfundur barnaverndar undir stjórn teymisstjóra eða staðgengils hans tekið

ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd getur teymisstjóri í samráði við lögfræðing sveitarfélagsins óskað lögreglurannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

7. gr.

Ákvörðun um könnun máls.

Þegar tilkynning berst skal sérhæfður starfsmaður í samráði við teymisstjóra taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að vísa máli til tilkynningafundar til ákvarðanatöku.

Teymistjóri í samráði við teymi tekur ákvörðun á tilkynningarfundi um hvort hefja skuli könnun máls. Ákvörðun um að hefja könnun máls skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til.

Teymistjóri í samráði við teymi tekur ákvörðun um að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna, sbr. 3. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga.

Ef brýna nauðsyn ber til hefur sérhæfður starfsmaður, að höfðu samráði við teymisstjóra, heimild til að hefja könnun án þess að tilkynningarfundur hafi fjallað um málið.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls úthlutar teymisstjóri málinu til sérhæfðs starfsmanns.

8. gr.

Úthlutun annarra mála.

Málum sem heyra undir barnavernd Árborgar en eru ekki unnin á grundvelli V. kafla barnaverndarlaga skal teymisstjóri úthluta til sérhæfðs starfsmanns.

9. gr.

Skipan talsmanns.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við teymisstjóra taka afstöðu til þess í bókun á tilkynningar- og/eða meðferðarfundi hvort þörf sé á að skipa barni talsmann.

10. gr.

Könnun máls.

Sérhæfður starfsmaður sem fer með könnun máls sér um að afla upplýsinga í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða, leita aðstoðar sérfræðinga og óska eftir þjónustu Barnahúss eftir því sem við á, sbr. 22. gr. barnaverndarlaga. Hann leitast við að könnunin fari fram í samráði og samvinnu við forsjáradíla, þó ætíð með hagsmuni barns að leiðarljósi. Sérhæfður starfsmaður fer með þær rannsóknarheimildir sem mælt er fyrir um í 43. gr. barnaverndarlaga. Sérhæfður starfsmaður tekur þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns sbr. 22. gr. a. barnaverndarlaga. Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu ber sérhæfðum starfsmanni þegar könnun hefst og eftir þörfum á meðan könnun vindur fram, að leiðbeina foreldrum og/eða barni um lögbundinn rétt þeirra samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Að lokinni könnun máls skulu sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun að höfðu samráði á meðferðarfundi um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 1. mgr. 23. gr.

11. gr.

Lögreglurannsókn.

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni tekur sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við teymisstjóra ákvörðun um að óska lögreglurannsóknar. Eftir atvikum skal leita samþykkis forsjáradíla sem hefur barn í sinni umsjá og hafa samráð við barn. Lögfræðingur sveitarfélagsins skal upplýstur um að máli hafi verið vísað í lögreglurannsókn.

12. gr.

Neyðarráðstafanir.

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga getur sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við teymisstjóra, deildarstjóra, lögfræðing eða sviðsstjóra framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga.

Með samþykki forsjáradíla getur sérhæfður starfsmaður tekið ákvörðun um neyðarráðstöfun gagnvart barni sem er 15 ára eða eldra án samráðs. Teymisstjóri skal upplýstur um ákvörðunina.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga lýsir er sérhæfðum starfsmanni heimilt að höfðu samráði við teymisstjóra, deildarstjóra, lögfræðing eða sviðstjóra, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr., að fara inn á heimili enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

III. KAFLI Ráðstafanir barnaverndarþjónustu.

13. gr.

Áætlun um meðferð máls.

Sérhæfður starfsmaður, í samvinnu við forsjáraðila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, skal gera skriflega áætlun um meðferð máls og undirritar áætlunina f.h. barnaverndar Árborgar.

Sérhæfður starfsmaður skal gera drög að einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga. Drög þessi skulu lögð fyrir meðferðarfund barnaverndarþjónustu til umfjöllunar og samþykkis teymisstjóra eða staðgengils hans.

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun á meðferðarfundum um lokun máls þegar áætlun rennur út eða meðan meðferðaráætlun er í gangi ef aðstæður barns verða viðunandi eða ekki er af öðrum ástæðum þörf á áframhaldandi vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga.

14. gr.

Framkvæmd meðferðaráætlunar.

Sérhæfður starfsmaður skal sjá um alla framkvæmd meðferðaráætlunar. Hann skal koma á þeim stuðningi sem þar er mælt fyrir um og þörf er á, þar á meðal samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Hann skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila sem veitt gætu stuðning eða vinna í málum barnsins og koma á slíku samstarfi sé þess þörf. Sérhæfður starfsmaður getur, með samþykki foreldra, beitt þeim úrræðum sem kveðið er á um í 24. og 26. gr. barnaverndarlaga, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar nr. 652/2004.

15. gr.

Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri getur, með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri mælt fyrir um að:

- a. Barnavernd Árborgar taki við forsjá eða umsjá barns og ráðstafi barni í fóstur,
- b. Barnavernd Árborgar taki við forsjá eða umsjá barns og visti barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leiti annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla barnaverndarlaga til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Ákvörðun um að taka við forsjá eða umsjá barns sbr. a- og blið skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundum.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að ungmenni verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundum. Ungmenni getur skotið synjun, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til úrskurðarnefndar velferðarmála.

16. gr.

Vinnsla máls meðan vistun og fóstur varir.

Þegar fyrir liggur ákvörðun um vistun eða fóstur barns skal sérhæfður starfsmaður fara með alla vinnslu máls á meðan vistun eða fóstur varir. Í því felst m.a. að sækja um vistun á meðferðarheimili á vegum Barna- og fjölskyldustofu, gera vistunarsamning á grundvelli 80. gr. barnaverndarlaga, sækja um vistun/fóstur á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga, ganga frá áætlun um tryggja umsjá barns á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 33. gr. barnaverndarlaga, koma á stuðningi við barn og/eða vistunaraðila, hafa frumkvæði að umgengni við nákomna eftir því sem þörf er á og gera umgengnissamning, fylgja eftir áætlun um meðferð og vistun barns, meta tímanlega árangur af fóstri eða vistun áður en henni lýkur og þörf á beitingu frekari úrræða.

17. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra.

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing, um að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið kveði upp úrskurð á grundvelli 26. - 29. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

18. gr.

Úrræði vegna ófæddra barna.

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing, um að sett skuli fram krafa fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðisлага, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

19. gr.

Endurskoðun ráðstafana.

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri að höfðu samráði við lögfræðing taka afstöðu til beiðni um endurskoðun ráðstafana í samræmi við 2. mgr. 34. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

20. gr.

Brottvikning heimilismanns og nálgunarban.

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun um að setja fram beiðni til lögreglu í samræmi við 37. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

21. gr.

Fyrirsvar.

Barnaverndarþjónustan fer með fyrirsvar fyrir dómstólum og úrskurðarnefnd velferðarmála. Teymisstjóri að höfðu samráði við sérhæfðan starfsmann og lögfræðing, taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi, svo sem hvort afla eigi dómkvaddis mats o.s.frv. Ákvarðanir um sættir eða að falla frá máli skulu staðfestar af teymisstjóra að höfðu samráði við lögfræðing.

IV. KAFLI

Ráðstöfun barna í föstur.

22. gr.

Fóstur.

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun um að ráðstafa barni í föstur í samræmi við XII. kafla barnaverndarlaga þegar fyrir liggja þær aðstæður sem mælt er fyrir um í 65. gr. barnaverndarlaga og 2. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri, að höfðu samráði á meðferðarfundi, taka ákvörðun um þau atriði sem mæla skal fyrir um í föstursamningi, svo sem forsjáarskyldur fösturforeldra, fösturtíma, greiðslur til fösturforeldra, umgengni í föstri, stuðning við barn og fösturforeldra og annað sem máli skiptir.

23. gr.

Beiðni um fösturheimili og val á fösturforeldrum.

Sérhæfður starfsmaður sendir beiðni um fösturheimili til Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Sérhæfður starfsmaður með samþykki deildarstjóra velur fösturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Sérhæfður starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra. Sérhæfður starfsmaður skal leita umsagnar forsjárlaus foreldris áður en barni er ráðstafað í föstur.

24. gr.

Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar úrskurður eða svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér umsjá eða forsjá til barnaverndar Árborgar getur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að höfðu samráði á meðferðarfundi tekið ákvörðun um að ráðstafa barni til hins foreldrisins.

Með ákvörðun sérhæfðs starfsmanns og teymisstjóra, að undangengu samráði á meðferðarfundi, er heimilt, ef hagsmunir barns eru taldir best tryggðir með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins.

25. gr.

Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjá, afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. tekur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra ákvörðun um að hitt foreldrið taki við umsjá þess eða aðrir taki við umsjá þess. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

26. gr.

Fóstursamningur.

Þegar fóstur barns hefur verið samþykkt skal sérhæfður starfsmaður ganga frá fóstursamningi og undirrita f.h. barnaverndar Árborgar.

Ef breytingar verða á högum fósturforeldra á fósturtíma skal sérhæfður starfsmaður meta hvort þörf sé á að endurskoða fóstursamning í samræmi við 77. gr. barnaverndarlaga. Ef þörf er á endurskoðun fóstursamnings taka sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun með bókun þar um, að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra getur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra með rökstuddri ákvörðun breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi.

27. gr.

Greiðslur til fósturforeldra.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um fjárhæð fósturlauna í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fósturforeldrar geta óskað eftir endurskoðun á fjárhæð fósturlauna ef þeir telja að umönnunarpörf barns hafi breyst frá því að fóstursamningur var gerður.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um greiðslur í styrktu fóstri með Barna- og fjölskyldustofu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 858/2013.

Fari fósturforeldrar fram á greiðslur á ófyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 858/2013 skal sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi taka afstöðu til beiðninnar með rökstuddri bókun.

28. gr.

Slit fóstursamnings.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um að breyta fóstursamningi eða fella hann úr gildi, eins og mælt er fyrir um í 32. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra þar um getur barnavernd Árborgar með bókun meðferðarfundar breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi með rökstuddri ákvörðun.

29. gr.

Framfærsluskylda foreldra.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um hvort krafa verði gerð á foreldra um greiðslu framfærslueyris, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 858/2013 með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Með sömu sjónarmiðum getur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi ákveðið að aðstoða foreldra við kostnað vegna umgengni við barn í fóstri að hluta eða öllu leyti. Ef ekki næst samkomulag skal afgreiða málið með rökstuddri ákvörðun.

30. gr.

Umgengni í fóstri.

Við ráðstöfun barns í fóstur skal sérhæfður starfsmaður hafa frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna þegar það á við. Leitast skal við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja og ganga frá skriflegum samningi um fyrirkomulag umgengninnar, að undangenginni bókun meðferðarfundar.

Ef ekki næst samkomulag um umgengni getur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að höfðu samráði á meðferðarfundum gert tillögu um að umdæmisráð barnaverndar úrskurði um ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra eða nákomna í samræmi við 81. og 74. gr. barnaverndarlaga.

31. gr.

Leyndur dvalarstaður.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengingu samráði við meðferðfund og lögfræðing, tekur ákvörðun um að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið kveði upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum á grundvelli 7. mgr. 74, sbr. 8. mgr. 84 gr. barnaverndarlaga.

V. KAFLI

Málsmeðferð barnaverndarmála.

32. gr.

Aðgangur að gögnum máls.

Teymistjóri tekur ákvörðun, að höfðu samráði við sérhæfðan starfsmann og lögfræðing, um að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum máls í samræmi við 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga.

33. gr.

Aðstoð lögmanns.

Bæjarstjórn samþykkir reglur um veitingu fjárstyrks til að greiða fyrir lögmannsaðstoð, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga.

Teymistjóri í samráði við lögfræðing tekur ákvörðun um veitingu fjárstyrks á grundvelli 47. gr. barnaverndarlaga og í samræmi við reglur um veitingu fjárstyrks.

34. gr.

Kæruheimildir og endurupptaka mála.

Aðilum máls er í samræmi við 6. gr. barnaverndarlaga heimilt að skjóta úrskurðum og stjórnvaldsákvörðunum barnaverndarþjónustu eftir því sem nánar er kveðið á um í barnaverndarlögum, til úrskurðarnefndar velferðarmála. Starfsmenn barnaverndarþjónustu Árborgar bera ábyrgð á að upplýsa og leiðbeina aðila máls um kæruheimildir og kæruleiðir samhliða upplýsingum til aðilar máls um ákvarðanir barnaverndarþjónustu.

Beiðnum um endurupptöku ákvarðana barnaverndar Árborgar skal beint til barnaverndar Árborgar og hafa aðrir aðilar í stjórnarsýslu sveitarfélagsins ekki heimild til að taka ákvarðanir um endurupptöku. Teymistjóri barnaverndarþjónustu Árborgar tekur afstöðu til þess hvort skilyrði fyrir endurupptöku samkvæmt 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 séu fyrir hendi og skal teymisstjóri þá taka ákvörðun um að málið verði tekið upp að nýju.

VI. KAFLI

Úrræði á ábyrgð sveitarfélaga.

35. gr.

Sumardvöl fyrir börn.

Starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að starfrækja sumardvöl í umdæmi Sveitarfélagsins Árborgar sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 652/2004, sbr. reglugerð nr. 1666/2022. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

36. gr.

Stuðningsfjölskyldur.

Starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda sbr. 8. og 9. grein laga um gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, 85. gr. barnaverndarlaga og VI. kafla

reglugerðar nr. 652/2004, sbr. reglugerð nr. 1666/2022. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

37. gr.

Heimili og önnur úrræði á vegum barnaverndar Árborgar.

Starfsmenn skulu sjá um að útbúa umsóknir, ganga úr skugga um að viðhlítandi leyfi liggi fyrir, gera samninga við vistunaraðila skv. 5. gr. reglugerðar nr. 652/2004, hafa samskipti við Barna- og fjölskyldustofu og aðra aðila vegna þeirra úrræða sem fjallað er um í VII. kafla reglugerðar nr. 652/2004.

38. gr.

Útvistun mála samkvæmt þessum kafla.

Sviðsstjóri getur falið öðrum starfseiningum velferðarsviðs að sinna vinnslu verkefna skv. kafla þessum eða annað sem til þarf vegna úrræða á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt þessum kafla og reglugerð nr. 652/2004.

VII. KAFLI

Umsagnarmál.

39. gr.

Umsagnir samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 130/1999.

Sérhæfður starfsmaður annast könnun mála vegna umsagnar barnaverndar Árborgar um ættleiðingar skv. 16. gr. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu lagðar fyrir meðferðarfund með skriflegri greinargerð þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hagi og aðstæður umsækjanda og hvort umsækjandi uppfylli skilyrði í samræmi við ættleiðingarlög og reglugerð um ættleiðingar.